

Menntun – Árangur – Ánægja



**STARFSÁÆTLUN
FLATASKÓLA**

SKÓLAÁRIÐ 2010-2011

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Hagnýtar upplýsingar.....	3
Skrifstofuþjónusta.....	3
Forföll nemenda.....	3
Leyfi frá skóla.....	3
Skóladagatal.....	3
Skóladagur nemenda.....	4
Útfærsla viðmiðunarstundaskrár.....	5
Skipting námsgreina.....	5
Upplýsingar um nemendur.....	6
Starfsmenn.....	7
Skipurit.....	9
Skólaráð.....	10
Foreldrafélag.....	10
Nemendafélag.....	11
Stoðþjónusta.....	11
Sérkennsla.....	11
Fyrirkomulag sérkennslu.....	11
Nemendavernd.....	12
Námsráðgjöf.....	12
Sálfræðiþjónusta.....	12
Talkennsla.....	13
Skólaheilsugæsla.....	13
Tómstundaheimili.....	13
Félagslíf og tómstundastarf.....	14
Breytingar á skólanámskrá og þróunarstarf.....	14
Breyting á stjórnun skólans.....	14
Endurskoðun skólanámskrár.....	14
Nemendalýðræði.....	14
Evrópsk samskiptaverkefni.....	15
Áhugsviðsverkefni.....	15

Inngangur

Samkvæmt 29 gr. grunnskólalaga ber hverjum grunnskóla að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaeyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar skal birta upplýsingar um starfslið skólans, stjórnkerfi, mögulegan stuðning fyrir nemendur af ýmsu tagi og almennar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers skólaár. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitastjórnar um fyrirkomulag skólahalds.

Hagnýtar upplýsingar

Flataskóli v/Vífilstaðaveg
Símanúmer skólans: 5658560
Húsvörður: 8208547
Tómstundaheimilið Krakkakot: 5658319
Bréfsími: 5657499
Netfang: flataskoli@flataskoli.is
Heimasíða: <http://flataskoli.is>

Skrifstofuþjónusta

Skrifstofa skólans er opin frá kl. 7:45 – 15:30 alla virka daga.

Forföll nemenda

Forráðamenn tilkynni forföll nemenda fyrir upphaf skóladags til ritara skólans í síma 5658560 eða á netfangið flataskoli@flataskoli.is

Leyfi frá skóla

Ef nemandi þarf að fá leyfi skal haft samband við umsjónarkennara, en sé um lengri tíma að ræða en tvo daga skal sækja um það hjá skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra. Einnig er hægt að sækja um leyfi skriflega á eyðublöðum á skrifstofu skólans og heimasíðu skólans. Það er á ábyrgð foreldra/forráðamanna að sjá til þess að nemendur vinni upp það námsefni sem þeir missa af í lengra leyfi.

Skóladagatal

Samkvæmt skóladagatali eru skóladagar nemenda 180. Kennsludagar nemenda eru 174 og skertir dagar eru skólaárið 2010 - 2011 alls sex. Skertir dagar eru það þegar nemendur mæta aðeins hluta úr degi. Þeir dagar eru skólasetningardagur, tveir foreldradagar, dagur vegna jólaskemmtunar en þá koma nemendur aðeins á jólaskemmtun og fara síðan heim að henni lokinni. Öskudagur þá fara nemendur heim eftir hádegismat og skólaslitadagur þar sem nemendur mæta aðeins og taka við vitnisburði. Kennsla fellur niður í jólaeyfi nemenda sem

er frá 20. desember til og með 4. janúar. Vetrarleyfi er 21. til og með 25. febrúar og páskaleyfi er 18. apríl til og með 25. apríl. Einnig fellur kennsla niður vegna fimm skipulagsdaga kennara á skólaárinu, þ.e. 17. september, 18. október, 3. og 4. janúar og 7. júní.

Skóladagur nemenda

Kl. 7:30 Skólinn opnaður
Kl. 8:00 Opið í tómstundaheimilinu Krakkakoti fyrir nemendur í 1. – 4. bekk sem þurfa að mæta fyrir og hjá 5.-7. bekk er opin ein kennslustofa í þeirra álmum. Nemendur geta einnig fengið að vera á bókasafninu
Kl. 8:30 Vinnulota 1 hefst hjá öllum nemendum
Kl. 9:40 Morgunhressing/ávaxtastund
Kl. 9:50 Frímínútur /útvíst hjá yngri nemendum (1.- 4. bekk)
Kl. 10:10 Vinnulota 2 hjá yngri
Kl. 10:30 Frímínútur /útvíst hjá eldri nemendum (5.- 7. bekk)
Kl. 10:50 Vinnulota 2 hjá eldri
Hádegishlé og útvíst (kl. 11:20 hjá yngri og kl. 12:10 hjá eldri)
Kl. 12:10 Vinnulota 3 hjá yngri og kl. 12:50 vinnulota 3 hjá eldri
Skóla lýkur kl. 14:00 hjá yngri og kl. 14:10 hjá eldri nemendum
Kl. 14:00 Opnar tómstundaheimilið Krakkakot
Kl. 17:00 Lokar Krakkakoti

Skólastarf hefst kl. 8:30 hjá öllum árgöngum. Hjá 1. - 4. bekk lýkur skóla alla daga kl. 14:00 og hjá 5. – 7. bekk lýkur skóla alla daga kl. 14:10. Athygli er vakin á því að kennsla í íþróttum og sundi hefst kl. 8:15.

Nemendur geta mætt í skólann fyrir kl. 8:00 á morgnana en þurfa þá að bíða á göngum skólans. Eftir kl. 8:00 er aðstaða í tómstundaheimilinu Krakkakoti opnuð fyrir nemendur í 1. -4. bekk og geta þeir dvalist þar í umsjón skólaliða þangað þar til kennsla hefst. Það er gjaldfrjálst. Ein kennslustofa í álmum hjá 5.-7. bekk er einnig opnuð kl. 8:00 og þar geta þeir nemendur sem þurfa að mæta fyrir dvalið í umsjón skólaliða þar til kennsla hefst. Eftir að skóla lýkur á daginn býðst nemendum í 1. - 4. bekk lengd viðvera sem er starfrækt á vegum tómstundaheimilis skólans.

Nemendur fá tíu mínúta nestistíma einu sinni á dag og einu sinni 20 mínúta hádegishlé. Í nestistímanum er létt hressing í kennslustofunni en í hádegishléi er borðað í matsalnum.

Tvisvar sinnum á dag fara nemendur út í frímínútur. Hjá 1. – 4. bekk eru frímínútur kl. 9:50-10:10 og kl. 11:20-11:50 hjá 4. bekk og kl. 11:40-12:10 hjá 1. – 3. bekk. Hjá 5. – 7. bekk eru frímínútur kl. 10:30-10:50 og kl. 12:10-12:30 hjá 7. bekk og kl. 12:30-12:50 hjá 5. og 6. bekk. Nemendur fara út í öllum þessum frímínútum nema ef veður er mjög slæmt.

Nemendur sækja íþróttakennslu í íþróttamiðstöð Garðabæjar, Ásgarð. Allir nemendur skólans eru með tvo íþróttatíma á viku á stundaskrá. Einnig er hjá nemendum í 3.- 7. bekk einn sundtími á stundaskrá á viku en nemendur í 1. og 2. bekk fá sundkennslu í formi námskeiðs á skólatíma.

Útfærsla viðmiðunarstundaskrár

Skipting námsgreina

Námsgrein/árgangur	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	7. b.
Íslenska	9	9	8	8	8,5	8,5	7
Stærðfræði (þar af 1 kest. í stærðfræðistofu)	6	6	6	6	6	6	6
Samfélagsfræði/kristinfræði	4	4	4	3	4	4	3
Náttúrufræði	3	3	3	3	3	3	3
Enska	**1	**1	**1	1	3	3	3
Danska							3
Lífsleikni	1	1	1	1	1	1	1
Upplýsinga- og tæknimennt	1	1	1	1	1	1	1
List- og verkgreinar *	3	3	3	4	4	4	4
Heimilisfræði	*	*	*	*	*	*	*
Smíði	*	*	*	*	*	*	*
Textílmennt/myndmennt	*	*	*	*	*	*	*
Tónmennt – fjöldasöngur	1,5	1,5	2,5	2,5	2,5	1,5	1
Íþróttir	2	2	2	2	2	2	2
Sund	***1	***1	1	1	1	1	1
Samtals	32,5	32,5	32,5	32,5	35	35	35

*List- og verkgreinar í viðkomandi árgangi skiptast þannig:
1. – 3. bekkur Nemendahópnum skipt í þrjá hópa í handmennt, heimilisfræði, tölvur/leikræna tjáningu í 3 kest. á viku.

4. bekkur: Lotukerfi - nemendahópnum skipt í þrjá hópa: textílmennt, myndmennt, smíði í 2 kest. og heimilisfræði, ritun/framsögn, tölvur/tónmennt í 3 kest. á viku.
5. bekkur: Nemendahópnum skipt í tvo hópa: textílmennt, /myndmennt 2 kest og heimilisfræði/ smíði 2 kest. á viku.
6. bekkur: Lotukerfi - nemendahópnum skipt í fimm hópa: textílmennt, heimilisfræði, myndmennt, smíði, leikræna tjáningu.
7. bekkur: Lotukerfi - nemendahópnum skipt í fjóra hópa: textílmennt, heimilisfræði, myndmennt, smíði.
- ** Enskukennsla í 1. – 3. bekk er í formi söngs og leikja.
- ***Sund í 1. – 2. bekk kennt á námskeiðum í 1, 5 kest. á dag. Nemendum skipt í fámenna hópa og hver hópur fer í 16 skipti á skólatíma.

Upplýsingar um nemendur

Skólaárið 2010-2011 eru 273 nemendur í Flataskóla, 143 drengir og 130 stúlkur. Nemendum er skipt í umsjónarhópa í hverjum árgangi og hefur hver umsjónarhópur einn umsjónarkennara. Í 1. bekk eru 37 nemendur í tveimur umsjónarhópum, í 2. bekk eru 27 nemendur í tveimur umsjónarhópum, í 3. bekk eru 35 nemendur í tveimur umsjónarhópum, í 4. bekk eru 36 nemendur í tveimur umsjónarhópum, í 5. bekk eru 20 nemendur í einum umsjónarhópi, í 6. bekk eru 64 nemendur í þremur umsjónarhópum og í 7. bekk eru 54 nemendur í þremur umsjónarhópum.

Drengir Stúlkur Alls Umsjónarkennari:

1.EP	9	9	18	Erna Þorleifsdóttir
1.HG	11	8	19	Halla Rósenkranz Guðmudsdóttir
2.RG	5	9	13	Ragna Gunnarsdóttir
2.RS	8	5	14	Rakel Svansdóttir
3.MH	9	8	17	Margrét Haraldsdóttir
3.SG	12	6	18	Svanhvít Guðbjartsdóttir
4.AG	7	11	18	Auður Gunnarsdóttir
4.KP	7	11	18	Kristín Þorleifsdóttir
5.OS	9	11	20	Olga Guðrún Snorradóttir
6.EÁ	11	9	20	Elín Ása Þorsteinsdóttir
6.HL	14	10	24	Hanna Lóa Friðjónsdóttir
6.HP	12	8	20	Hafþór Þorleifsson
7.AH	10	8	18	Anna Lena Halldórsdóttir
7.ÁP	9	11	20	Ásthildur Lóa Þórsdóttir
7.HSG	10	6	16	Helga Sigríður Guðjónsdóttir
Samtals	143	130	273	


Starfsmenn

Við skólann starfa 53 starfsmenn þarf af 29 kennarar, kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni, þroskaþjálfari, námsráðgjafi, skólaritari, húsvörður, bókasafnsfræðingur, þrjú stuðningsfulltrúar, umsjónarmaður tómsundaheimilis, fjórir leiðbeinendur í tómsundaheimili, átta skólaliðar auk skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra.

Nafn	Starfsheiti	Netfang
Anna Lena Halldórsdóttir	Umsjónarkennari 7. bekk	annah@flataskoli.is
Anna Rósa Skarphéðinsd.	Heimilisfræðikennari	annarosa@flataskoli.is
Anna Sigríður Pálsdóttir	Leiðbeinandi tóms.h.	annas@flataskoli.is
Auður Gunnarsdóttir	Umsjónarkennari 4. bekk	audurgunn@flataskoli.is
Ágústa A. Sigurbjörnsdóttir	Kennari	agustas@flataskoli.is
Árný Björk Birgisdóttir	Myndmenntakennari	arnyb@flataskoli.is
Áslaug Pálsdóttir	Skólaliði	aslaugp@flataskoli.is
Ásta B. Jónsdóttir	Námsráðgjafi	astab@flataskoli.is
Ásthildur Lóa Þórsdóttir	Umsjónarkennari 7. bekk	asthildurth@flataskoli.is
Bryndís Þórarinsdóttir	Kennsla í smíði/hönnun	bryndisth@flataskoli.is
Dóra Þórisdóttir	Umsjónarmaður tóms.h.	dorath@flataskoli.is
Einar Ólafsson	Íþróttakennari	einaro@flataskoli.is
Elín Ása Þorsteinsdóttir	Umsjónarkennari í 6. bekk	elina@flataskoli.is
Elín Birna Guðmundsdóttir	Íþróttakennari	elin@flataskoli.is
Erna Þorleifsdóttir	Umsjónarkennari í 1. bekk	ernath@flataskoli.is
Eva Rós Sigurðardóttir	Leiðbeinandi tóms.h.	evaros@flataskoli.is
Guðbjörg Ragnarsdóttir	Sérkennari í 5. – 7. bekk	guggar@flataskoli.is
Guðlaug Einarsdóttir	Sérkennari í 1. og 4. bekk	gudlaug@flataskoli.is
Guðríður Rail	Kennsla í textílmennt	gudridurr@flataskoli.is
Hafþór Þorleifsson	Umsjónarkennari í 6. bekk	hafthorth@flataskoli.is
Halla Rósenkranz Guðm.	Umsjónarkennari í 1. bekk	hallar@flataskoli.is
Hanna Lóa Friðjónsdóttir	Umsjónarkennari í 6. bekk	hanna@flataskoli.is
Hannes Ingi Geirsson	Íþróttakennari	hannesg@flataskoli.is
Helga María Guðmundsd.	Skólastjóri	helgam@flataskoli.is

Helga Sigríður Guðjónsd.	Umsjónarkennari í 7. bekk	helgasg@flataskoli.is
Hjördís Ástráðsdóttir	Deildarstjóri	hjordisa@flataskoli.is
Hulda Íris Sigursveinsdóttir	Þroskaþjálfari	huldas@flataskoli.is
Ingibjörg Baldursdóttir	Bókasafnsfræðingur	ingibjorgb@flataskoli.is
Jóna Guðrún Oddsdóttir	Skólaritari	jona@flataskoli.is
Jónína Sigrún Ólafsdóttir	Leiðbeinandi tómst.h.	joninas@flataskoli.is
Kolbrún Svala Hjaltadóttir	Kennsluráðgj.í tölvum	kolla@flataskoli.is
Kristín Ósk Þorleifsdóttir	Umsjónarkennari í 4. bekk	kristinosk@flataskoli.is
Linda Þorvaldsdóttir	Stuðningsfulltrúi	lindath@flataskoli.is
M.Elín Guðmundsdóttir	Aðstoðarskólastjóri	eling@flataskoli.is
Margrét Ásdís Haraldsdóttir	Umsjónarkennari í 3. bekk	margret@flataskoli.is
Olga G. Snorradóttir	Umsjónarkennari í 5. bekk	olgas@flataskoli.is
Ólöf Sighvatsdóttir	Kennari í 4.-7. bekk	olofsig@flataskoli.is
Patrik Hudek	Skólaliði	patrikh@flataskoli.is
Ragna Gunnarsdóttir	Umsjónarkennari í 2. bekk	ragnag@flataskoli.is
Rakel Svansdóttir	Umsjónarkennari í 2. bekk	rakels@flataskoli.is
Rannveig G. Lund	Sérkennari í 2. og 3. bekk	rannveigl@flataskoli.is
Sigfríður Elsa Ingvarsdóttir	Skólaliði	sigfriduri@flataskoli.is
Sigrún Guðmundsdóttir	Skólaliði	sigrungud@flataskoli.is
Sigrún Linda Loftsdóttir	Skólaliði	sigrunl@flataskoli.is
S.Helena Jónasdóttir	Stuðningsfulltrúi/skólaliði	sigurbjorgh@flataskoli.is
Sigurlaug Stefánsdóttir	Skólaliði	siggall@flataskoli.is
Skúli Gestsson	Tónmenntakennari	skulig@gardaskoli.is
Sóley Björgvinsdóttir	Matráður	soleyb@flataskoli.is
Sólveig Jóhannsdóttir	Skólaliði	solveigj@flataskoli.is
Stefania Paula Bizoi	Skólaliði	stefaniab@flataskoli.is
Svanhvít Guðbjartsdóttir	Umsjónarkennari í 3. bekk	svanhvitg@flataskoli.is
Yousef Sheikh Mohammad	Húsvörður	yousef@flataskoli.is

Skipurit



Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð (skv. lögum nr. 91, 8. gr.) sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endaleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúm kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir stafi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Skólaárið 2010-2011 eru eftirfarandi í skólaráði:

Aðalmenn:

Helga María Guðmundsdóttir skólastjóri	helgam@flataskoli.is
Hafþór Þorleifsson kennari	hafthorth@flataskoli.is
Svanhvít Guðbjartsdóttir, kennari	svanhvitg@flataskoli.is
Sigurbjörg Helena Jónasdóttir stuðningfulltr. og skólaliði	sigurbjorgh@flataskoli.is
Guðfinna Björnsdóttir, foreldri	bjagud@mi.is
Helga Jónsdóttir, foreldri	helgaj@simnet.is
Jóna Sigurbjörg Eðvaldsdóttir, foreldri	sibbaed@internet.is
Auður Teitsdóttir, nemandi	audur801@nemar.is
Bjarki Steinn Þórisson, nemandi	bjarki801@nemar.is

Varamenn:

Elín Guðmundsdóttir, aðstoðarskólastjóri	eling@flataskoli.is
Elín Ása Þorsteinsdóttir, kennari	elina@flataskoli.is
Halla Rósenkranz Guðmundsdóttir, kennari	hallar@flataskoli.is
Jóna Oddsdóttir, skólaritari	jona@flataskoli.is
Hrönn Pedersen, foreldri	hronnpet@hotmail.com
Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir, foreldri	johannaolafsd@gmail.com
Vilborg Grétarsdóttir, foreldri	vgretarsdottir@gmail.com
Klara Hjartardóttir, nemandi	klara901@nemar.is
Einar Örn Magnússon, nemandi	einar901@nemar.is

Foreldrafélag

Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Markmið foreldrafélags Flataskóla er að efla samstarf heimila og skólans þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með menntun, heill og hamingju nemenda að leiðarljósi. Einnig á það að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppalenda.

Stjórnina skipa fulltrúar foreldra valdir úr röðum bekkjarfulltrúa eða sjálfboðaliða og skiptir stjórnin með sér verkum. Félagið skipuleggur m.a. árlega hausthátíð, fræðslufund fyrir

foreldra. Aðalfundur félagsins er haldinn í apríl ár hvert með hefðbundinni aðalfundardagskrá.

Skólaárið 2010-2011 eru eftirfarandi í stjórn foreldrafélags Flataskóla:

Bryndís Lára Torfadóttir, Guðrún Zoéga, Jóna Sigurbjörg Eðvaldsdóttir, Ólafía Guðmundsdóttir, Ragný Þóra Guðjohnsen og Sunna Guðrún Sigurðardóttir gjaldkeri.

Nemendafélag

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Fulltrúar nemenda úr 4. – 7. bekk sitja í stjórn nemendafélags Flataskóla og eru þeir valdir að hausti fjöldi fulltrúa úr hverjum árgangi fer eftir fjölda í árganginum. Því eru tveir nemendur úr 4. bekk, tveir úr 5. bekk, fjórir úr 6. bekk og fjórir úr 7. bekk. og sitja því í stjórn nemendafélagsins tólf nemendur. Auk þess sitja tveir fulltrúar úr 7. bekk sem aðalmenn í skólaráði og tveir úr 6. bekk sem varamenn. Varamenn verða aðalmenn þegar þeir fara í 7. bekk.

Stoðþjónusta

Sérkennsla

Í grunnskólalögum er kveðið á um að skólinn skuli haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir hvers nemanda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi í grunnskólum og sveitarfélögum er skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi kennslu.

Í sérkennslu Flataskóla er leitast við að finna leiðir til að mæta þessu hlutverki á sem bestan hátt og gera námið sem skilvirkast.

Helstu markmið sérkennslu eru:

- að styrkja sjálfsmynd nemenda
- að nemendur fái kennslu í samræmi við þroska og getu
- að styrkja nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum
- að treysta samskipti við foreldra sem best.

Fyrirkomulag sérkennslu

Sérkennsla í Flataskóla skiptist í eftirtalda þætti:

- Kennsla nemenda með einstaklingsnámskrá. Kennsla sem felur í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/ eða kennsluáðstæðum.
- Stuðningsmiðuð kennsla. Aðaláhersla á lestur og stærðfræði. Ekki er vikið verulega frá bekkjarnámskrá.
- Nýbúafræðsla, ætluð nemendum sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli eða hafa dvalið langdvölum erlendis.

Nemendur fá sérkennslu samkvæmt greiningu sérfræðinga og greinandi skimunar prófum, ábendingum ýmissa aðila, svo sem leikskólakennara, talmeinafræðings, kennara, deildarstjóra og foreldra. Að vori ræða sérkennarar við umsjónarkennara um stöðu nemenda og meta þeir sameiginlega þörf fyrir sérkennslu á komandi skólaári. Sérkennslutímum er skipt milli nemenda í samræmi við þarfir þeirra og endurskoðun fer fram nokkrum sinnum á ári.

Nemendavernd

Samkvæmt grunnskólalögum nr. 66/1995 er starfrækt nemendaverndarráð í skólanum. Það starfar samkvæmt reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum.

Í nemendaverndarráði eiga sæti skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri, námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur skólans og sálfræðingur skólans. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi sérkennslu, heilsugæslu og aðra sérfræðiþjónustu. Nemendaverndarráði er ætlað að vera skólastjórnendum til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur skv. reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum. Einnig er hlutverk nemendaverndarráðs að starfa að velferðarmálum nemenda og hafa yfirumsjón með skipulagi og framkvæmd sérkennslu í skólanum.

Fundir eru haldnir vikulega og situr félagsráðgjafi frá fjölskyldu- og heilbrigðisviði nemendaverndarráðsfundi einu sinni í mánuði. Starfsmenn skólans geta óskað eftir fundi í nemendaverndarráði um sérstök málefni með því að fylla út beiðni. Umsjónarkennari getur óskað eftir umfjöllun nemendaverndarráðs um umsjónarnemanda sinn og skal kennarinn gera foreldrum viðvart um umfjöllunina fyrir fundinn. Leitast er við að taka málefni fyrir eins skjótt og hægt er eftir að beiðni berst. Nemendaverndarráð skráir stöðu málsins, fjallar um það faglega, leggur fram tillögur og fylgist með framvindu mála. Ráðið getur kallað á sinn fund þá aðila innan skólans og utan sem það telur að geti upplýst sig um ákveðin málefni. Full trúnaðarskylda fundarmanna gildir á öllum fundum nemendaverndarráðs.

Námsráðgjöf

Námsráðgjafi er í hálfu starfi við Flataskóla. Námsráðgjafi er málsvari nemenda og trúnaðarmaður. Til námsráðgjafa geta nemendur og foreldrar leitað í ýmsum málum. Allt sem snertir velferð nemenda og stuðlar að vellíðan þeirra bæði í skólanum og utan hans tengist starfi námsráðgjafans.

Helstu verkefni námsráðgjafa eru:

- Veita nemendum ráðgjöf um náms- og starfsval og fræða þá um nám, störf og atvinnulíf.
- Leiðbeina nemendum um vinnubrögð í námi.
- Veita nemendum ráðgjöf í einkamálum þannig að þeir eigi auðveldara að ná settum markmiðum í námi.
- Taka þátt í að skipuleggja náms- og starfsfræðslu í skólanum.
- Aðstoða nemendur við að setja sér markmið og gera sér grein fyrir eigin áhugasviðum
- Sinna fyrirbyggjandi starfi í samstarfi við aðra starfsmenn skólans.
- Veita foreldrum ráð varðandi nám og hegðun barna þeirra.

Námsráðgjafi vinnur í nánú samstarfi við foreldra eftir því sem við á og hefur samráð við aðra sérfræðinga innan og utan skólans, kennara, sérkennara, hjúkrunarfræðing, skólasálfræðing og skólastjórnendur og vísar málum til þeirra eftir því sem við á. Námsráðgjafi hefur fastan viðtalstíma. Námsráðgjafi skólans er Ásta Bára Jónsdóttir.

Sálfræðiþjónusta

Hlutverk skólasálfræðings er fyrst og fremst sálfræðileg greining á vanda í námi eða líðan nemanda. Sálfræðingur veitir ráðgjöf til nemenda, foreldra og starfsmanna skólans vegna náms- eða tilfinningavanda nemanda en ekki meðferð þeirra.

Bæði starfsmenn skólans og foreldrar geta óskað aðstoðar hans og skal það gert á sérstökum eyðublöðum.

Skólasálfræðingur, starfar í skólanum í hlutastarfi, einn dag í viku. Hann situr í nemendaverndarráði skólans og hefur upplýsingaskyldu gagnvart því. Foreldrar geta einnig leitað til sálfræðings skólans á skólaskrifstofu Garðabæjar.

Skólasálfræðingur greinir foreldrum frá niðurstöðum sínum um þær greiningar sem framkvæmdar eru á fundi með umsjónarkennara og deildarstjóra. Skólasálfræðingur skólans er Trausti Valsson.

Talkennsla

Talmeinafræðingur skólans veitir nemendum þjónustu í formi talkennslu og málörvunar. Einnig leggur hann fyrir málþroskapróf og veitir nemendum, kennurum og foreldrum ráðgjöf. Talmeinafræðingurinn greinir málþroska leikskólabarna, veitir þeim talkennslu og málörvun og veitir skólanum upplýsingar þar að lútandi. Foreldrar geta einnig leitað til talmeinafræðings skólans á skólaskrifstofu Garðabæjar. Talmeinafræðingur Flataskóla er Stella Hermannsdóttir og er hún við í skólanum annan hvern mánudag.

Skólaheilsugæsla

Heilsugæslan er á vegum Heilsugæslu Garðabæjar. Hjúkrunarfræðingur skólans er Ólöf Stefánsdóttir og er hún við í skólanum alla daga vikunnar fyrir hádegi nema föstudaga. Skólalæknir er Áslaug Gunnarsdóttir.

Meginmarkmið skólaheilsugæslunnar er að börnin fái að vaxa, þroskast og stunda nám sitt við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á í samræmi við bestu þekkingu.

Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í náinni samvinnu við foreldra/ forráðmenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem veita skólabarninu þjónustu. Starfsfólk heilsugæslunnar er bundið þagnaskyldu.

Skólahjúkrunarfræðingur, kennari eða skólaliði veita fyrstu hjálp ef slys ber að höndum. Ef barn veikist í skólanum eða meiðist alvarlega er haft samband við forráðamenn. Því er nauðsynlegt að skólinn hafi símanúmer foreldra/forráðamanna.

Tómstundaheimili

Lengd viðvera er í boði fyrir nemendur eftir skóla í tómstundaheimili skólans, Krakkakoti, í sérhönnuðu húsnæði í miðrymi skólans. Starfstími tómstundaheimilis miðast við skólaárið eins og það er hverju sinni og kemur fram á skóladagatali. Í jóla-, páska- og vetrarleyfi er tómstundaheimilið opið allan daginn á virkum dögum nema aðfangadag og gamlársgangur. Á starfsdögum skólans og þá daga sem kennsla fellur niður vegna foreldraviðtala er tómstundaheimilið opið allan daginn. Sækja þarf sérstaklega um dvöl þá daga.

Dvöl í tómstundaheimili er valkostur sem foreldrar/forráðamenn velja fyrir barn sitt og greiða fyrir. Gjaldskrá er háð ákvæðum bæjarstjórnar Garðabæjar sjá www.flataskoli.is/Tómstundaheimili/Gjaldskrá.

Skólaárið 2010-2011 starfa í tómstundaheimilinu Krakkakoti fimm starfsmenn. Það eru umsjónarmaður og fjórir leiðbeinendur. Í upphafi vetrar eru skráð 74 börn í Krakkakot.

Félagslíf og tómstundastarf

Bekkjarskemmtanir eru að jafnaði tvisvar á vetri hjá hverjum árgangi, ein á haustönn og ein á vorönn Þær eru haldnar í samráði við bekkjarfulltrúa hvers árgangs.

Árshátíð 7. bekkja er haldin í apríl. Nemendur sjá sjálfir um allan undirbúning og framkvæmd í umsjón kennara.

Diskótek eru haldin hjá nemendum í 5. – 7. bekk í skólanum seinnipart dags á tímabilinu kl. 18:30-20:00. Hjá nemendum í 5. bekk er haldið að jafnaði einu sinni diskótek í skólanum á skólaárinu en hjá 6. og 7. bekkur tvisvar sinnum yfir skólaárið. Nemendur í 7. bekk hafa haldið sameiginlegt diskótek með nemendum í 7. bekk í Hofstaða- og Sjálandsskóla.

Tómstundaheimilið Krakkakot hefur boðið upp á tómstundanámskeið fyrir nemendur eftir að skóla lýkur á daginn. Má þar nefnda Legó námskeið fyrir nemendur í 2. – 7. bekk sem hafa verið haldin sinni á önn. Á skólaárinu 2010-2011 stendur nemendum í 2. – 7. bekk í Flataskóla til boða að sækja leiklistarnámskeið á vegum Leynileikhússins og er einu sinni í viku í tólf vikur og kennt í hátíðarsal Flataskóla.

Breytingar á skólanámskrá og þróunarstarf

Breyting á stjórnun skólans

Í byrjun skólaárs varð breyting á stjórnun skólans þá tók við nýr skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og einn deildarstjóri í stað tveggja. Verkefni hafa verið flutt á milli stjórnenda og hagrætt. Því er unnið að endurskoðun á starfslýsingum í skólanámskrá.

Endurskoðun skólanámskrár

Nú er unnið að endurskoðun skólanámskrá Flataskóla í samræmi við nýja aðalnámskrá grunnskóla. Á skólaárinu starfa tveir fagstjórar úr röðum kennara sem vinna að því að endurskoða námsáætlanir í íslensku og stærðfræði. Þeir munu fara yfir námsáætlanir, viðmið og námsmat námsgreinanna og skipuleggja fyrir hvern árgang svo samfella haldist í náminu.

Einnig verður unnið að endurskoðun skólanámskrár í samræmi við skólustefnu Garðabæjar og munu allir starfsmenn skólans koma að þeirri vinnu.

Nemendalýðræði

Á skólaárinu verður unnið að því að efla nemendalýðræði m.a. með því að virkja nemendur í stjórn nemendafélags og fulltrúa nemenda í umhverfisnefnd skólans. Markmiðið með því er að auka félags- og samskiptafærni nemendanna sem og virðingu og metnað þeirra fyrir skólanum. Skipulagt verður skólalþing þar sem áhersla er lögð á að nemendur verði virkir þátttakendur.

Evrópsk samskiptaverkefni

Á skólaárinu verður unnið að þremur verkefnum sem hafa fengið styrk frá Alþjóðaskrifstofu Háskólastigsins. Tvö verkefni eru svokölluð Comeniusarverkefni og eitt er Nordplus verkefni. Comenius er hluti nýrrar menntaáætlunar Evrópusambandsins og tekur til leik-, grunn- og framhaldsskóla. Fyrsta Cominiusarverkefnið sem fékk styrk í Flataskóla kallast Vængjaðir vinir og eru fuglar, listir og náttúra meginþættir þess. Þetta er annað árið í framkvæmd verkefnisins. Flataskóli, leikskólinn Bakki og skólar frá Bretlandi og Spáni taka þátt í verkefninu. Þátttakendur í verkefninu læra fuglalög á frummáli þátttökulanda og kynnast grenndarfuglum hvers skóla fyrir sig. Jafnframt kynnast nemendur fuglum í þjóðkvæðum, þjóðsögum, og þjóðlögum. Verkefnið er unnið hjá nemendum í 1. – 4. bekk.

Nú er að fara af stað annað Cominiusarverkefni sem ber heitið Sköpunarkrafturinn - listin að lesa sem standa mun yfir í veturna 2010 - 2012. Það eru skólar frá Ítalíu, Tyrklandi, Spáni, Englandi og Póllandi sem taka þátt í því verkefni auk Flataskóla. Verkefnið mun ná til allra nemenda skólans.

Flataskóli fékk nú í fyrsta sinn svokallaðan Nordplus styrk. Það eru styrkir á sviði leik-, grunn- og framhaldsskóla og er hluti af menntaáætlun sem veitir styrki til ýmskonar samvinnu á sviði menntamála á því svæði sem Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin mynda. Áætlunin á að stuðla að gæðum og nýsköpun í menntakerfum Norðurlanda og Eystrasaltsríkja með styrkjum til ýmiss konar samskipta, verkefna og samstarfsneta. Öll samvinna skal byggjast á gagnkvæmum samningum menntastofnana og félaga í þátttökulöndunum.

Nordplus verkefnið sem unnið er í Flataskóla skólaárið 2010 til 2011 kallast Regnbogi menninganna. Þátttökulöndin eru Danmörk, Lettland, Litháen ásamt Íslandi. Sérhvert land á sína menningu þar sem hefðir og siðir hafa þróast frá örófi alda. Börn sem þekkja vel sína þjóðarsíði og hefðir munu frekar virða þá menningu sem þeir kynnast hjá öðrum þjóðum og finna líkingu með henni en þeir sem eru alls ókunnir því sem þróast hefur með þjóð þeirra fyrir á tímum. Áður fyrir notaði fólk oft söng og dans til að skemmta sér við eftir annir dagsins. Það gæti einnig aðstoðað nútímabörnin við nám sitt á okkar tímum. Verkefnið samþættir margar námsgreinar eins og landafræði, tungumál, listir og hreyfingu ásamt tölvu- og upplýsingatækni. Markmiðið með þátttöku í verkefninu er að fá nemendur til að virða og sýna þolinmæði gagnvart þeim sem tala önnur tungumál, líta öðruvísi út en þau sjálf. Í fjölþjóðarþjóðfélagi eins og okkar þjóðfélag er í dag er ekki hvað síst þörf á að efla slíkt viðhorf. Helstu viðfangsefni þess eru: orðabækur á öllum tungumálum, dagatal með helstu viðburðum hvers mánaðar, leikir, söngvar og dansar. Í heimsóknum kennara sem verða í hvert land verða fluttar kynningar á landi og þjóð fyrir nemendur í samstarfsskólunum. Nemendur eru á grunnskólaaldri eða 7 til 12 ára. Annar og sjötti bekkur eru þátttakendur í verkefninu í Flataskóla.

Áhugasviðsverkefni

Á skólaárinu 2010-2011 verður lögð áhersla á að þróa svokölluð áhugasviðsverkefni sem nemendur á miðstigi vinna. Það eru verkefni sem nemendur vinna með hliðsjón af áhugasviði sínu og tengja við eina eða fleiri námsgreinar.

Þegar nemendur velja áhugasviðsverkefni fá þeir talsvert frelsi við að ákveða viðfangsefni en fara eftir ákveðnum vinnuramma. Nemendur safna gögnum um viðfangsefnið og setja fram

upplýsingar um það að eigin vali. Það byggir á þeirri hugmynd að nemandinn læri best þegar hann er virkur þátttakandi og vinnur með efni sem hann hefur áhuga á. Áhugasviðsverkefni geta verið unnin einstaklingslega eða í hópvinnu.

Markmiðið með áhugasviðsverkefnum er að reyna að koma til móts við hvern og einn nemanda, að nemendur geti unnið út frá eigin styrkleikum, að nemendur dýpki þekkingu sína á ákveðnum sviðum, að nemendur fái meiri fyllingu í námið og verði ánægðari, að nemendur fái fjölbreytni í námið og þjálfist í vísindalegum vinnubrögðum, að þjálfar nemendur í upplýsingaöflun og sjálfstæðum vinnubrögðum, að tengja áhugasvið nemenda við nám þeirra og að nemendur verði ábyrgir fyrir eigin námi.

Það að innleiða áhugasviðsverkefni í skólastarfið er ein af þeim leiðum sem skólinn hefur sett fram til þess að reyna að koma til móts við ákveðinn hóp drengja á miðstigi. Niðurstöður rannsókna hafa sýnt að stórum hópi drengja á þeim aldri leiðist í skólanum og finnst námið ekki áhugavert.